



Til:
Efni:
Upplýsingar:

Bjarni Reykjalín <bjarni@thingeyjarsveit.is>
Re: Hólsvirkjun - umsögn
Sent: 20/01/2017 16:58:38 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2016110022, Bréfalyklar: 42-8 um efnisnám og aðrar náttúruauðlindir

Tilvísun í mál: 2016110022

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 29. nóvember sl., þar sem vakin er athygli á nýju deiliskipulagi og breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 vegna fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar í Fnjóskadal í Þingeyjarsveit. Beðist er velvirðingar á hve erindinu er svarað seint.

Náttúrufræðistofnun er ekki lögbundinn umsagnaraðili að deiliskipulagi eða aðalskipulagi nema að viðkomandi skipulag sé innan náttúruverndarsvæðis eða á því sé sérstök vernd skv. 61. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013, sjá 68. gr. sömu laga. Samkvæmt gögnum sem stofnuninni bárust er svæðið ekki náttúruverndarsvæði og óvíst hvort um sé að ræða t.d. votlendi sem nái stærðarmörkum skv. 61. gr. framangreindra laga.

Samkvæmt skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands mun framkvæmdasvæði virkjunarinnar, lónstæði og annað, vera að mestu á óröskuðu landi. Verði af framkvæmdum verður jarðminjum, gróðurlendi og votlendi raskað þ.m.t. talið votlendi sem hugsanlega fellur undir 61 gr. laga um náttúruvernd. Fram kemur að að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á blæðsp sem er á válista og að öllum líkindum ekki á aðrar plöntutegundir á válista. Í sömu skýrslu er komist að því að fuglalíf sé ekki sérstakt á héraðs- eða landsvísu og framkvæmdin ekki talin hafa mikil áhrif almennt. Framkvæmdin er þó talin geta haft áhrif á tvær tegundir á válista, gulönd og straumönd, sem verpa við Árbugsá þar sem vatnsrennsli í ánni verður skert á veturna. Náttúrusofan bendir á að taka þurfi tillit til rýrnum búsvæða framangreindra tegunda á landsvísu.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum og er til umfjöllunar hjá Skipulagsstofnun en ákvörðun um matsskyldu hefur ekki verið tekin. Komi til þess að úrskurðað verði að framkvæmdin sé matsskyld er Náttúrufræðistofnun umsagnaraðili um frummatsskýrslu í matsferlinu og mun því koma að málinu aftur á því stigi.

Fari framkvæmdin ekki í mat á umhverfisáhrifum þá vill Náttúrufræðistofnun, á þessu stigi málsins, leggja áherslu á að ef virkjunin verður reist þá verði þess gætt að raska landi sem allra minnst og ef það kemur til þess að fyrirhugað sé að raska landi sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd þá sé það rökstutt í samræmi við ákvæði þeirrar greinar. Þau gögn sem nú liggja fyrir virðast hins vegar ekki vera það nákvæm (ekki eru sýnd gróðurkort, vistgerðarkort eða tegundalistar) að þau sýni nákvæmlega hvers konar land fari undir virkjunina og því ekki hægt að meta áhrifin eða hanna virkjunina m.t.t. þess að raska sem minnstu.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Bjarni Reykjalin <bjarni@thingeyjarsveit.is>

Dags: 29.11.2016 14:22:58

Til: "'ust@ust.is'" <ust@ust.is>, "'magnus@ni.is'" <magnus@ni.is>, 'Guðni Magnús Eiríksson' <gudni@fiskistofa.is>, Þorkell Björnsson (oggi@akureyri.is) <oggi@akureyri.is>, 'Þorkell Lindberg Þórarinnsson' <lindi@nna.is>, "'gudmundur.heidreksson@vegagerdin.is'" <gudmundur.heidreksson@vegagerdin.is>, 'Rúnar Leifsson' <runar@minjastofnun.is>, "'katrin@vedur.is'" <katrin@vedur.is>
cc: 'Kristín S. Jónsdóttir' <kristins@umhverfisstofnun.is>, 'Magnús Björnsson' <magnus.bjornsson@vegagerdin.is>
Efni: Hólsvirkjun

Góðan dag.

Meðfylgjandi er auglýsing vegna nýs deiliskipulags og breytingar á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 vegna fyrirhugaðrar Hólsvirkjunar í Fnjóskadal í Þingeyjarsveit.

Skipulagsgögnin ásamt fylgigögnum eru mjög umfangsmikil og er hér með vísað á heimasíðu Þingeyjarsveitar þar sem hægt veður að nálgast umrædd skipulagsgögn frá og með n.k. föstudegi 2. desember n.k.

<http://www.thingeyjarsveit.is> undir: Stjórnsýslan/Skipulagsmál/Deiliskipulag/Tillögur í auglýsingu:

Athugasemdafrestur er til og með 13. janúar 2017.

Tölvupóstur þessi er sendur eftirtöldum umsagnaraðilum eins og skipulagslög mæla fyrir um. Vakin er athygli á því að að greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu frá Skipulagsstofnun verður send ákveðnum umsagnaraðilum á sama tíma

Umhverfisstofnun
Náttúrufræðistofnun Íslands
Fiskistofu
Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra
Náttúruverndarnefnd Þingeyinga
Vegagerðinni
Minjastofnun Íslands
Veðurstofunni

Með kveðju,
f.h. Þingeyjarsveitar

Bjarni Reykjalín

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Kjarna, 650 Laugar

Sími: 464 3339 / 895 3422

Netfang: bjarni@thingeyjarsveit.is



- Aðal- og deilisk auglýsing.docx